

LÖG

um breytingu á lögum nr. 100/1992,
um vog, mál og faggildingu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða, III, svohljóðandi:

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerðir um öryggi vöru sem boðin er neytendum hér á landi í atvinnuskyni eða neytendum í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins af aðilum sem staðfestu hafa hér á landi að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði og að því leyti sem ekki er kveðið á um öryggi hlutaðeigandi vöru og eftirlit með því að hún uppfylli settar kröfur í öðrum lögum. Í slíkum reglugerðum skal einnig kveðið á um hvernig eftirliti með því að vara uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar skuli háttáð.

Löggildingarstofan annast eftirlit skv. 1. mgr.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. júní 1995.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. maí 1994.***Davíð Oddsson.****Valgerður Sverrisdóttir.**
(L. S.)**Hrafn Bragason.**

Jón Baldvin Hannibalsson.